

VATNSENDASKÓLI

Funahvarfi 2

203 Kópavogur

441 4000

vatnsendaskoli@kopavogur.is

VATNSENDASKÓLI ER
HNETULAUS SKÓLI

SKIPULAGSDAGUR
FÖSTUDAGINN 22. MAÍ
FRÍSTUND LOKUÐ

ÚTIVISTARDAGAR
4., 5. OG 8. JÚNÍ SKERTIR
SKÓLADAGAR

FRÉTTABRÉF MAÍ -JÚNÍ



Senn fer þessu sérkennilega skólaári að ljúka. Covid veiran setti sterkan svip á skólahald hér í mars og apríl. Það verður samt að segjast að starfsmenn og nemendur skólans stóðu sig afburða vel í þessum erfiðu aðstæðum. Hver árgangur var á sérstöku svæði og var samgangur milli nemenda takmarkaður hér í skólanum. Meðal þess sem kom út úr þessu tímabili var námsvefur Vatnsendaskóla sem við erum ákaflega stolt af. Þar birtast áætlanir nemenda fyrir námið, ásamt fjölbreyttum og skemmtilegum verkefnum. Markmið okkar er að vefurinn haldi áfram að vaxa og dafna í takt við þarfir árganga.

Skólahreysti

Lið Vatnsendaskóla mun taka þátt í Skólahreysti föstudaginn 29. maí. Útsending hefst á RÚV kl: 17:00 og hvetjum við alla til að fylgjast með og hvetja okkar fólk.

Lið Vatnsendaskóla skipa:

Hulda María Sveinbjörnsdóttir 10. Bekk

Hilmar Þór Brynjólfsson 10. Bekk

Gunnlaugur Friðjónsson 9. Bekk

Eydís Dúna Hjaltadóttir 9. Bekk

Útivistadagar

Eins og áður verða útivistardagar hjá okkur í lok skólaársins. Þeir verða 4., 5. og 8. júní. Þessir dagar eru skertir skóladagar og verða frá 8:30 – 12:00. Kennarar munu senda nánari upplýsingar um fyrirkomulag útivistardaganna.

Skólaslit

Skólaslit verða með öðrum hætti en áður en eingöngu nemendur verða á þeim hjá 1. – 9. bekk. Við teljum okkur ekki geta uppfyllt tveggja metra regluna ef foreldrar koma á skólaslitin sem verða þriðjudaginn 9. júní á eftirfarandi tímum:

1. – 4. árgangar, klukkan 9:00.

5. – 7. árgangar, klukkan 10:00.

8. og 9. árgangar, klukkan 11:00.

Skólaslit hjá 10. bekk verða mánudaginn 8. júní klukkan 16:30. Nánari upplýsingar berast síðar.

Bestu kveðjur,

Stjórnendur í Vatnsendaskóla